

Guðrún Ingólfssdóttir

„Brjálaður er hann annaðhvert, / eður hann gjörir bögu“ Um kveðskap Sigurðar Péturssonar sýslumanns

Inngangur

Brjálaður er hann annaðhvert,
eður hann gjörir bögu
máltak var – það man eg bert –
manna´ á fyrri dögum.
(Sigurður Pétursson 1844-1846:117)¹

Vísan sú arna er úr áttundu rímu, *Stellurímna*, eftir Sigurð Pétursson sýslumann. Hugmyndin um að skáldskapur yrði einungis framinn í annarlegu ástandi var býsna lífseig framan af öldum, og vera kann að við höfum ekki enn gengið af henni dauðri. Í *Recensus* eftir Pál Vídalín lögmann segir um Guðmund Erlendsson í Felli að hann hafi með hverju nýju og fullu tungli orðið svo frá sér numinn af skáldskaparanda „og giorde þá eitthvort qvæde, enn giorde hann það eckj, þa er sagt hann hafe nær því ordid afsinna og hirdulaus umm allt sem vitfirringur“ (1985:39).

Þó að Sigurður vísi til orða fyrri aldar manna er hann í raun að fjalla um sjálfan sig. Framan af árum var hann sagður gleðimaður og mun hafa verið vinsæll. Frjóasti tíminn á skáldferli hans eru einmitt námsárin í Höfn og fyrstu árin eftir heimkomuna, en þá yrkir hann flest gamankvæði sín. Þegar líða tók á ævina ágerðist þunglyndi Sigurðar og að sama skapi dapraðist honum flug skáldskaparandans. Frá þessum tíma eru hins vegar flest alvarleg kvæði hans.

Enga skýringu kann ég á því hvers vegna kveðskapur Sigurðar hefur svo mjög fallið í gleymsku. Bestu kvæði hans eru ólíkt liðugri en sumt af því sem menn hampa frá þessum tíma. Vera kann að hinn framandlegi tónn hafi ekki fallið í kramið eða stráksskapurinn, en þetta hafa svo sem orðið örlög meiri spámanna en Sigurðar. Önnur skýring gæti e.t.v. verið sú að ljóðlist hans hafi fallið í skuggan af leikritum hans *Hrólf* og *Narfa*.

¹ Þegar vitnað er í ljóðmáli Sigurðar (sem og inngang að þeim) er stafsetning færð til nútímahorfs. Héðan í frá verður látið nægja að vísa í blaðsíðutöl.

Hér á eftir mun ég fjalla um gamankvæði Sigurðar og þær nýjungar sem hann innleiddi, m.a. fyrir áhrif frá skáldum sem hann kynntist á Hafnarárum sínum.

Innlend og erlend áhrif á gamankveðskap Sigurðar

Sigurður var af miklu skáldakyni, afkomandi séra Stefáns Ólafssonar í Vallanesi. Báðir glímdu þeir frændur við geðveilu þegar líða tók á ævina og merkilegt nokk stríddu þeir báðir við fótarmein, þó að ekki skuli lögð dýpri merking í það.

Gaman- og ádeilukveðskapur er ríkur þáttur í skáldskap þeirra Stefáns og Sigurðar og hefur mörgum án efa sviðið á stundum undan skotum þeirra. Í nýlegu erindi um Stefán Ólafsson sem Kristján B. Jónasson flutti á málstofu Stofnunar Árna Magnússonar, hélt hann því fram að Stefán hefði ort gamankvæði m.a. til að ýta frá sér þunglyndi og angri. Í mansöng annarrar rímu *Stellurímna* má finna svipaðar hugmyndir um lækningarmátt skáldskaparins (sjá einnig Þórunn Sigurðardóttir 2000:31-38):

Ekki neinum manni mein
mín er lyst að bjóða;
að skemmta mér og öðrum er
efnið stirðra ljóða.

Fögur ljóð þau firra móð
og fæða manna þanka,
um vetrartíð, þá hret og hrið
hart á gluggann banka. (19)

Andinn er þó allur annar í kvæðum Sigurðar. Stefán beindi spjótum sínum einkum að vinnufólki og búandkörlum og kerlingum af lágu standi, en Sigurður deilir einkum á höfðingjastéttina og skopast að henni þó að hann eigi til hennar að teljast ekki síður en Stefán. Sigurður var hins vegar upplýsingarmaður og kann það e.t.v. að skýra þennan mun. Munurinn kann þó einnig að liggja í ólíku eðli þeirra frænda, en Árni Helgason, prófastur í Görðum lýsir Sigurði svo:

... hann girntist ekki auðlegð, vildi ekki við búskap fást, og var hófsmaður um hvern hlut; orðlagt er hvað linlega hann gekk eftir sínum tekjum meðan hann var sýslumaður, hvað lítið honum var annt um auð þann, sem hann erfði eftir föður sinn, sem hafði verið

auðmaður, og hversu hann var fús til að miðla við vini sína og náunga því sem hann mátti afsjá. (1844-1846:xvi)

Vert er og að geta þess að þó að Sigurður standi föstum fótum í íslenskri kveðskaparhefð, varð hann fyrir dýpstum áhrifum frá þeim skáldbræðrum sínum sem hann beint eða óbeint kynntist á námsárum sínum í Höfn, en Sigurður hlaut drýgstan hluta af menntun sinni í Danmörku.

Upp úr miðri 18. öld varð drykkju- og gamanvísnaðskapur vinsæll á Norðurlöndum. Vera kann að ástæðan sé einkum sú að rétttrúnaðurinn lét undan síga fyrir áhrifum frá frjálsslyndari viðhorfum upplýsingarmanna og frjálsræðið jókst að sama skapi. Helstu fulltrúar slíks kveðskapar voru norskir háðfuglarnir Johan Herman Wessel og Anakreon Svíþjóðar, Carl Michael Bellman. Í drykkjuklúbbunum sem alstaðar spruttu nú upp, í Danmörku, Svíþjóð og víðar, voru menn ekki að sýta hlutskipti sitt, þeir drukku og gerðu sér glaðan dag og skopuðust að smáborgaralegum sjónarmiðum fjöldans. Wessel og félagar höfðu e.t.v. ekki stórbrotinn eða háleitan boðskap í farteskinu, en lífið með öllum sínum nautnum og refilstigum heillaði þá. Með brennivínið í hausnum höfðu þeir glöggt auga fyrir hinu skoplega í fari manna, en gerðu á hinn bóginn engar kröfur um að vera teknir of hátíðlega (Guðrún Ingólfssdóttir 1982:18).

Þegar Sigurður var í Höfn gekk hann fljótlega í Norska félagið en þar var drykkjukveðskapur í hávegum hafður. Innan Norska félagsins mun Bellman hafa verið vel þekktur, enda orti Sigurður nokkur drykkjukvæði þar sem hinn bellmanski andi svífur yfir vötnunum. Klisjurnar úr kvæðum Bellmans ganga aftur hjá Sigurði, sýknt og heilagt er verið að hvetja menn til að drekka meira og vera glaðir:

Drekk út, skenk aftur,
tæm staupið, skenk aftur,
drekk út! (194)

en einnig notar hann ýmsa sömu bragarhætti, sem margir hverjir voru sönghæfir (eins og t.d. bragarhátturinn á *Gubben Noach*), og er ekki ósennilegt að Sigurður hafi ætlað þessi kvæða til söngs rétt eins og Belmann.

Helsta driffjöður Norska félagsins var Wessel. Norska félagið var formlega stofnað 30. apríl 1774 og hafði aðsetur á kaffihúsi í Höfn í Svartegade 7. Félagið hét fullu nafni *Det Norske Litteraire Selskab*, enda flykktust í það ungir skáldmæltir menn og bókmenntaunnendur. Af

kveðskap Sigurðar að dæma varð hann fyrir miklum áhrifum frá Wessel. Í *Nýjum félagsritum* segir Jón Sigurðsson:

Íslendingar og Norðmenn héldu jafnan saman móti Dönnum við háskólann, og því var mikil vinátta milli þeirra; það er almennt mál, að *Wessel* hafi einkum þókt vænt um Sigurð, og lagt hendur í höfuð honum, einsog til að leggja yfir hann anda sinn ... (1847:189)

Wessel lagði mikla áherslu á listræna fullkomnun og eru mörg kvæða hans listavel gerð að því er mál og stíl varðar. Í kveðskap sínum fjallar hann um venjulegt fólk, en án þeirrar grímu sem það ber venjulega. Þó að Wessel geri góðlátlegt grín að barnskap þess og heimsku gefur hann engum færi á að mæla persónur hans á vogarskálum þess siðferðis sem ríkir í samfélaginu. Kvæði hans eru afmarkaður heimur og þeir sem ætla að njóta þeirra verða að taka ólíkindalæti höfundar gild (Guðrún Ingólfssdóttir 1982:20-22 og 28).

Sigurður var og liðtækt skáld ekki síður en Wessel og eru form- og mállýti sjaldgæf á kvæðum hans. Hér á eftir verður fjallað um *Stellurímur* hans, en kvæðin *Greifinn í loðkápu* og *Berserkirnir* eru einnig ort undir sterkum áhrifum frá Wessel. Þó að ekki sé um bein áhrif að ræða er hinn kímilegi frásagnarmáti svipaður sem og ólíkindalætin og galgopahátturinn. *Greifinn í loðkápu* fjallar í stuttu máli um bónda sem verður fyrir því óláni að missa allt sitt í bruna. Landfógeti sendir bóndagarminn til greifans og skrifar með honum bréf. Sá galli er hins vegar á gjöf Njarðar að bóndinn hefur aldrei barið greifann augum, enda hefur sá síðarnefndi lítið sinnt um leiguliða sína, aðeins hirt af þeim afgjaldið. Ekki fer því betur en svo að bóndinn tekur feil og heldur að baviáni, sem greifinn heldur sér til skemmtunar, sé hans hátígn. Misskilningurinn leiðréttist á endanum og biður skáldið menn að draga þann lærdóm af þessu sem hlýðir:

En áður en kveð þig, bróðir Bessi!
blessun mín skal vera þessi,
af sögunnar efni sem ég nam:
„Drottinn bið eg þér lengst það lána,
þú leggist ei fyrir baviána
og apaketti flatur fram.“ (175)

Berserkirnir fjallar hins vegar um raunir ungrar þjónustustúlku sem óvart lokast inni með tveimur berrössuðum karlmönnum. Hún kemst þó

á endanum út og án þess að biða nokkurn hnekki af. Þennan lærdóm biður skáldið konur að draga af sögunni:

En þú, sem veika kallast ker
og króna manns!
einsömul voga ekki þér
í okkar fans,
því sem við lömb er ljúf til meins
launsætin örn,
svo reynast synir Adams eins
við Evu börn.
Æ! lúrið því þíkur á luntann! (203)

Í útgáfunni á kvæðum Sigurðar frá 1844-1846 segir að *berserkur* merki þann sem er serk-ber eða skyrtulaus, og *at lure paa luntan* sé danskt orðtak sem merki að vera aðgættinn, en *lunti* sé logandi brandur sem borinn er að fallbyssna fýrgati (Sigurður Pétursson 1844-1846:197).

Stellurímur

Stellurímur eru sennilega þekktasta verk Sigurðar og jafnframt það veigamesta ef frá eru talin leikritin *Hrólfur* og *Narfi*. Efni rímnanna er sótt í gamankvæðið *Stella* eftir norska skáldið Johann Herman Wessel, en það fjallar á farsakenndan hátt um ástir Stellu og hermansins Bentirs. Halldór J. Jónsson segir í grein í *Skírni* að kvæði Wessels sé hins vegar nokkurs konar „afbökun eða skopstæling á samnefndu leikriti eftir Goethe“ (1947:91). Í *Stellurímum* nær kenningasmíð Sigurðar hámarki. Skáldamál rímna var orðið fremur trénað og hafði lítil endurnýjun átt sér stað í nokkurn tíma. Aukinheldur tíðkaðist það ekki að efni rímna og stíll væri gert spaugilegt á sama hátt og í *Stellurímum*, þ.e.a.s. menn gerðu ekki grín að hefðinni sjálfri.

Þeir sem skrifað hafa um *Stellurímur* eru ekki á eitt sáttir um hvort meginmarkmið Sigurður hafi verið að gera gys að eldri rímum eða hvort hann skopist einungis að þeim í framhjálaupi (Halldór J. Jónsson 1947:108-111). Í mansöng þriðju rímu virðist Sigurður svara þessari spurningu sjálfur, en þar segist hann ekki ætla að draga af sér í ýkjnum fremur en fyrri rímnaskáld og lofar áhreyrendum mikilli styrjöld þar sem hausar fjúki og bergrisar vaði volgt blóðið í mitti, og svo hart skuli barist að ekki sjái til sólar í því sverðaéli. Vandinn er hins vegar sá að skáldið ber kápuna einatt á báðum öxlum og getur þegar minnst varir varpað af sér gervi galgopans og farið að rekja raunir sínar:

Allur manns er ævidans
einhverjum blandinn kala,
og gleði öll hefir oftast göll
og eitur í sínum hala. (22)

Hver svo sem tilgangur Sigurðar hefur verið er víst að með *Stellurímum* hleypti hann að mínum dómi nýju blóði í rímnahefðina, bæði hvað varðar efni og skáldamál. Með því að skopstæla skáldamálið, teygði hann á merkingarsviði þess og bjó um leið til nýjar líkingar. Alsíða var t.d. að kenna skip við hesta, en ekki öfugt, þ.e.a.s. að gæða dauðan hlut lífi. Heiti voru og fyrst og fremst notuð um hesta, ekki kenningar. Í eftirfarandi vísu víxlar Sigurður hins vegar hlutverkum og kennir hest við skip: *Tagla skip = hestur*. Á þennan hátt rauf hann venjubundið samspil stofnorðsins í kenningunni og merkingarmiðsins:

Tagla skip réð taka svip
taums við festar leystar,
áfram fýkur, foldin rýkur,
flugu undan neistar. (28-29)

Sigurður fer einnig ótroðnar slóðir í kenningasmíðinni þegar hann líkir dauðum hlutum við lifandi dýr sem við fyrstu sýn virðast alls óskyld. Í vísunni hér á eftir kallar hann hús *glugga svín*, en vert er að geta þess að óþrifalegar vistarverur eru stundum kallaðar svínastíur. Glugga svínið opnar ginið þegar það fær högg á trýnið, rétt eins og dyr opnast þegar barið er á hurð:

Greiddi upp trýnið glugga svín
greitt að hnefa bragði;
sverðarunn tók sinn í munn
og saman aftur lagði. (21)

Í sumum myndlíkingum *Stellurímna* má sjá náttúrusýn sem bar andblæ nýrri og rómantískari tíma, enda runnu upplýsingarstefnan og forrómantísk áhrif stundum saman hér á landi, þar eð upplýsingarstefnan barst fremur seint hingað. Þegar Sigurður lýsir ástarfundi Stellu og Bentírs sækir hann myndir í náttúruna og samsamar hana lífi mannsins, en slíkt varð mun algengara á tíma rómantíkur:

Lömbin svona leika sér,
með lyst um græna haga
þegar þau vita að ekki er
úlfurinn þeim til boga.

Dúfur svo um sumartíð
sitja á blómstur-kvisti:
kurra og viðmót fremja fríð
þá fjarri er haukurinn byrsti. (13)

Í mansöng fimmtu rímu er að lokum dæmi um það hvernig Sigurður notar á nýstárlegan hátt heldur fátæklegar sagnir af gyðjunni Nótt úr norrænni goðafræði, til að lýsa þessu náttúrufyrirbæri, og heldur myndlíkingunni út allan mansönginn. Sigurður horfir upp á himininn og sér glæsta konu ferðast um á hesti sínum Hrímfaxa:

Njörvadóttir næsta ótt fram brunar,
hrími stokkinn Faxi fer
á fimu brokki að leika sér. (75)

Hennar faldur hefir um aldur verið
ofinn hreinum ormabeð
eðalsteinum settur með.

Um sig miðja máttkust gyðja bindur
gylltan linda, er megnum má
myrkrum hrinda jörðu frá. (76)

Lokaorð

Á efri árum tók Sigurður æ sjaldnar fram hörpuna, sjálfum sér og öðrum til gleði og huggunar. Hins vegar munu þeir sem lesa kvæðakver hans vonandi geta tekið undir með honum, enda sparði hann ekki ýkjurnar í kveðskap sínum:

Öld, ef skálda ýkjur fæ eg ekki sparað,
mælir, þegar mitt sér kverið:
„mikið skáld hefir þetta verið!“ (43)

Heimildir

- Árni Helgason. 1844-1846. Agrip æfisøgu Sigurðar sýslumanns Péturssonar. *Ljóðmæli og leikrit*. Reykjavík:vii-xx.
- Guðrún Ingólfssdóttir. 1982. *Kveðskapur Sigurðar Péturssonar sýslumanns*. BA-ritgerð í íslenskum bókmenntum, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Halldór J. Jónsson. 1947. Stellurímur. *Skírnir*. Reykjavík:90-111.
- Jón Sigurðsson. 1847. Álit um ritgjörðir. *Ný félagsrit* (7). Reykjavík:186-195.
- Páll Vídalín. 1985. *Recensus poetarum et scriptorum Islandorum ...* Reykjavík.
- Sigurður Pétursson. 1844-1846. *Ljóðmæli og leikrit*. Reykjavík.
- Þórunn Sigurðardóttir. 2000. „Jakobs angur eitt var mest / eftir Jósep góða ...“. *Kirkjuritið* (67). Reykjavík:31-38.